

EFTIRLITSSKÝRSLA

ORF Líftækni hf Græna Smiðjan (Melhólabraut 4)



Dags eftirlits	10.12.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	ORF Líftækni hf	Eftirlitsmaður	
Heimili	Víkurbær 7	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	420201-3540	Flokkur	Erfðabreyttar lífverur
Fulltrúi fyrirtækis	Ásta Agnes Jóhannesdóttir	ÍSAT nr.	72.11.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með leyfi Orf líftækni fyrir afmarkaðri starfsemi með erfðabreyttar bygg- og sojabaunaplöntur. Engin frávik komu fram og engar ábendingar voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með leyfi Orf líftækni til afmarkaðrar starfsemi með erfðabreyttar lífverur í Grænu smiðjunni að Melhólabraut 4 í Grindavík. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í leyfi)
2. Varnir gegn mengun ytra umhverfis (kafli 2 í leyfi)
3. Innra eftirlit rekstraraðila (kafli 3 í leyfi)
4. Skoðunarferð

Um er að ræða leyfi til afmarkaðrar starfsemi annarsvegar með erfðabreytt bygg og hinsvegar með erfðabreyttar sojaplöntur. Fram kom í eftirliti að nú væru einungis byggplöntur í ræktun.

Fram kom í eftirliti að húsnæðið og búnaður er þrífur reglulega með vatni og/eða klór. Fræjum er safnað í poka sem er lokað og þeir geymdir í læstum gámi sem síðan er sendur í brennslu. Fyrirhugað er að endurnýta þann úrgang líkt og heimild er fyrir í leyfi og er það í vinnslu hvað varðar úrlausnir og tækjabúnað.

Rekstraraðili heldur skráningar yfir tegund og magn úrgangs, sem og vinnudagbók. Öryggisblöð eru til staðar og skilti hafa verið sett upp. Svæðið er vaktað. Haldið er vel utan um þjálfun starfsfólks. Húsnæðið var allt mjög snyrtilegt, skipulagt og ekki tilefni til athugasemda.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 05.01.2021

Sigríður Magnúsdóttir